

Fundargerð.

Fundur stjórnar Foreldrafélags Menntaskólans í Reykjavík (FMR) 10. sept 2018 í kaffistofu MR, klukkan 17-18:30.

Viðstaddir: Sigrún Jóhannesdóttir, Katrín Heiðar, Ragný Guðjohnsen, Sigríður Hermannsdóttir, Erlendur Svavarsson, Thor Aspelund, Sigríður Björnsdóttir úr stjórn FMR. María Björk Kristjánsdóttir félagsmálafulltrúi MR.

María Björk var með fyrri hluta fundar og sagði frá hvernig hefði gengið með busaballið sem fór fram mánudaginn 27. ágúst kl. 20:00. Í það stóra heila gekk allt vel. Mynduðust langa raðir og gæslan hefði getað gengið hraðar fyrir sig. Allir nýnemar blésu í áfengismæli og gekk það mjög vel að sögn Maríu. Skólanum vantar að eignast áfengismæli og bar hún fram þá ósk hvort foreldrafélagið gæti stutt kaup á einum mæli sem kostar 98.000 krónur og var það samþykkt að kaupa einn mæli og gefa skólanum frá FMR.

Eitt foreldri gerði athugasemdir við að nýnemar væru látin blása og skrifaði athugasemdir til stjórnar FMR. Þetta var rætt á fundinum og vísað til skólans þar sem skólinn ákveður reglurnar hvað varðar nemandaböll.

Kynningarfundur foreldra nýnema gekk vel. Margir sem buðu sig fram að koma í stjórn og þar sem stjórnin nú þegar er orðin fullmönnuð var ákveðið að senda tölvupóst á þennan góða hóp fólks og spurning hvort einhverjir vilji koma inn í stjórn á næsta skólaári. Gott að hafa góðan hóp sem hjálpar til við gæslu á skólaböllunum og með fundi FMR.

Aðalfundur verður annað hvort 4. eða 8. okt. Fundartími yrði þá milli 19:30 og 22:00. Ákveðið að fá Steinunni Önnu Sigurjónsdóttir frá Litlu kvíðamiðstöðinni til að koma og halda fyrirlestur eftir aðalfundarstörf. Ef möguleiki og ekki mikill kostnaður var rætt um að það væri gaman að fá einhvern uppistandara. Verkefnum var skipt á milli stjórnamanna og þarf dagskrá fundar að vera ákveðin eigi síðar en um miðjan september.

Sigríður Hermannsdóttir gjaldkeri fékk umboð frá öllum í stjórn FMR að hafa aðgang að bankareikning félagsins.

Ákveðið var að senda út valgreiðsluseðla um miðjan eða seinast í lok september.

Við pennann.

Sigríður Björnsdóttir, ritari.